

Ytra mat leikskóla Undraland Flúðum

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir
© Námsmatsstofnun, 2015.

ISBN 978-9935-433-66-4

Efnisyfirlit

Samantekt á niðurstöðum	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn Undraland	8
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Starfsmenn	8
Starfsmannavelta	8
Húsnæði	8
Útileiksvæði	9
Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008	9
Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagsbruns á starfsemi leikskólans	9
Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins	9
Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslupættir leikskólans	10
Skólanámskrá	10
Samræmi leikskólastarfsins við skólanámskrá	11
Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár	12
Stjórnun og starfsmannamál	12
Stjórnskipulag og skipurit.	12
Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál	14
Uppeldi, menntun og umönnun	15
Leikföng og efniviður	15
Líðan barna	16
Lýðræði og mannréttindi	16
Samskipti og hegðun	16
Skólaþróun	17
Skólabragur og samskipti	17
Starfsandi	18
Jafnrétti	18
Mat á námi og velferð barna	19
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	19
Samstarf leikskóla og grunnskóla	20
Annað samstarf	20
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla	21
Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku	22
Innra mat	23
Samantekt	25
Lokaorð	27
Heimildir.	28

Samantekt á niðurstöðum

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsemi leikskólans Undralands hófst árið 1990. Leikskólinn var fyrst starfræktur í bráðabyrgðarhúsnæði en 2003 flutti leikskólinn í eigið húsnæði á Flúðum. Leikskólinn hefur gert skólanámskrá sem samræmist aðalnámskrá leikskóla frá 2011, vinnur samkvæmt skóla- og lýðræðisstefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps og nýjum áherslum í skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Húsnæði leikskólans uppfyllir kröfur sem gerðar eru til skólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008. Leikskólinn uppfyllir ákvæði laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda nr. 87/2008. Leikskólinn starfar samkvæmt hugmyndafræði þriggja fræðimanna og væri æskilegt að endurskoða þann þátt þar sem starfsmenn og stjórnendur telja sig fyrst og fremst fylgja hugmyndafræði Reggio Emilia en lítið vinna með hugmyndafræði Howard Gardners og Caroline Pratt. Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð; *umhverfi, umhyggja* en þar sem starfsmenn og foreldrar virðast ekki vera með þessi einkunnarorð á hreinu væri æskilegt að taka upp umræðu um þau og festa í sessi. Lítið er á leikinn sem náms- og þroskaleið barna, lögð áhersla á einstaklingabundið nám og mikilvægi þess að gefa öllum sömu tækifæri til náms og þroska. Húsnæðið er vel skipulagt og vel nýtt til uppeldis og menntunar barna. Aðstaða starfsfólks er góð nema hvað sama rými er nýtt til funda og sérkennslu en þar sem leikskólinn er lítill og fámennur kemur það ekki að mikilli sök. Útileiksvæði barna er rúmgott og vel skipulagt. Hljóðvist er í lagi.

Skólanámskrá

Skólanámskrá Undralands er frá árinu 2013 og uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í aðalnámskrá frá 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og skóla- og lýðræðisstefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Stefna leikskólans kemur fram í skólanámskránni, hún er aðgengileg á heimasíðu leikskólans og samræmi er að miklu leyti milli leikskólastarfs og námskrár. Margir núverandi starfsmenn leikskólans voru ekki starfandi þegar skólanámskráin var unnin, þar á meðal leikskólastjóri og tveir deildarstjórar, einnig var aðkoma þáverandi starfsmanna lítil við gerð hennar. Því er æskilegt að námskráin verði tekin til endurskoðunar. Í leikskólanum er mikil áhersla á að nýta umhverfið til útináms og leikskólinn er í góðu samstarfi við grenndarsamfélagið. Námsumhverfið er skipulagt út frá þörfum barnanna, mikið unnið með tónlist og skapandi starf. Framkoma starfsmanna einkennist af umhyggju og hlýju. Í leikskólanum er ekki sýnilega mikið unnið með sjálfbærni og væri gott að skoða hvort leikskólinn geti tekið upp flokkun á pappír og úrgangi.

Stjórnun og starfsfólk

Stjórnun leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti. Samvinna stjórnenda er ekki í öllum atriðum góð og verkaskipting óskýr. Mikilvægt er að leikskólastjóri skerpi á faglegri stjórnun og leggi aukna áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð í stjórnun leikskólans. Í leikskólanum er ekki til skipurit eða formlegar starfslýsingar fyrir stjórnendur og starfsmenn og er mikilvægt að bæta úr því. Samvinna stjórnenda við skólanefnd er góð, leikskólinn gefur út starfsáætlun og skilar ársskýrsu. Gera ætti starfslýsingu fyrir staðgengil leikskólastjóra, verkferla um ákvarðanatöku og símenntunaráætlun fyrir starfsmenn.

Uppeldi, menntun og umönnun

Leikskólinn starfar fyrst og fremst eftir hugmyndafræði Reggio Emilia þó talað sé um fleiri kenningar í skólanámskrá. Í leikskólanum er lögð áhersla á að auka sjálfstæði og sjálfsbjargarviðleitni barna og trú þeirra á eigin getu. Vel heppnað þróunarverkefni um fyrirkomulag matmálastíma byggist á þessum hugmyndum. Starfsaðferðir einkennast af umhyggju og virðingu og húsnæði leikskólans er nýtt vel í þágu barnanna. Fyrirhugað er að setja af stað þróunarverkefni um starfsaðferðir Reggio Emilia til að

festu þær starfsaðferðir í sessi. Ekki er nægilega mikið samstarf milli deilda og þarf að bæta úr því og einnig er þörf á að allir starfsmenn taki þátt í umræðu um markmið og leiðir í starfinu og taki þátt í gerð starfsáætlunar fyrir leikskólann. Gera þarf símenntunaráætlun fyrir allt starfsfólk.

Skólabragur og samskipti

Skólabragur er almennt góður í leikskólanum en þó er mikilvægt að halda opinni umræðu um starfsandann og samskipti stjórnenda og starfsmanna til að auka vellíðan allra. Æskilegt væri að leikskólinn setti sér starfsmannastefnu.

Mat á námi og velferð barna

Notast er við TRAS, sem er skráningarlisti til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna, og HLJÓM 2 sem er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskólanum. Uppeldisfræðilegar skráningar eru notaðar til að fylgjast með þroska og framförum barna og foreldrar koma að mati á líðan og þroskastöðu barnanna. Æskilegt væri að gera aðferðir við mat á námi og velferð barna sýnilegri í gögnum leikskólans.

Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Foreldraráð er ekki starfandi við leikskólann og þarf að bæta úr því. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og foreldrar eru almennt ánægðir með samstarfið við leikskólastjóra og starfsfólk leikskólans. Foreldrar eru ánægðir með þau verkefni sem börnunum er boðið upp á, sérstaklega góð tengsl við náttúru og samfélag og einnig með foreldrasamtöl og þær upplýsingar sem þar eru gefnar. Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskóla. Góð upplýsingagjöf er til foreldra og gott samstarf við grunnskóla staðarins en æskilegt væri að gera skriflegt samkomulag um þá vinnu. Leikskólinn er í reglulegu sambandi við eldri borgara og nokkur fyrirtæki á staðnum, auk þess er leikskólinn í góðum tengslum við vinnustaði á svæðinu. Innan stjórnendahópsins er áhugi á að auka og bæta foreldrasamstarfið og væri gott að taka upp þá umræðu með starfsfólki og foreldrum.

Sérfræðiþjónusta sveitarfélags og sérkennsla

Aðgangur leikskólans að sérfræðiþjónustu er í samræmi við reglugerðir um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga. Sveitarfélagið er þátttakandi í skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings og góð samvinna er milli leikskólans og sérfræðinga skólaþjónustunnar. Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann og lögð er áhersla á að mæta þörfum allra barna. Foreldrum sem ekki tala íslensku er boðin túlkþjónusta og eru hvattir til að tala við og lesa fyrir börn sín á móðurmálinu. Ekki er til skrifleg sérkennslustefna í leikskólanum og ætti að bæta úr því og gera verkferla fyrir sérkennslu. Í sveitarfélaginu er í vinnslu móttökuáætlun fyrir fólk af erlendum uppruna og gefur það leikskólanum tækifæri til að móta sína eigin stefnu í málefnum barna sem eiga annað móðurmál en íslensku.

Innra mat

Í leikskólanum er ekki unnið kerfisbundi innra mat í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og úr því þarf að bæta. Í leikskólanum er að finna ýmis gögn sem nýta má í innra mati og fjölbreyttar leiðir eru farnar til að meta nám og líðan barna. Þessi gögn ætti leikskólinn að nýta í vinnu með innra mat.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Undralandi í Hrunamannahreppi. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 17.-19. mars 2015. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir níu matsþættir; leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsfólk, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, mat á námi og velferð barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðipjónusta sveitarfélaga og innra mat. Því til viðbótar var metið samstarf starfsfólks og starfsandi. Síðast töldu matsþættirnir voru að ósk sveitarfélags og komu fram þegar sótt var um ytra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

- að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja við skólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Auk þess geta sveitarstjórnir/skólar óskað eftir mati á viðbótarþáttum. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum. sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prenti eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 19. janúar 2015 á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttekaraðila. Matsmenn mættu í leikskólann 17. mars 2015 og fengu kynningu á leikskólanum hjá leikskólastjóra. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir á þremur deildum leikskólans. Haldnir voru rýnihópafundir með deildarstjórum, starfsmönnum, börnum og foreldrum. Þátttakendur í rýnihópum barna og foreldra voru valdir með slembiúrtaki en vegna þess hve starfsmannahópurinn er fámennur var tekið rýnihópaviðtal við alla starfsmenn. Tekið var sameiginlegt viðtal við tvo deildarstjóra, viðtal við staðgengil leikskólastjóra og viðtöl við sérkennslustjóra og leikskólastjóra.³ Vegna viðbótarmatsþátta var spurningum vegna þeirra beint til stjórnenda og starfsmanna. Haft var samband við formann skólanefndar Hrunamannahrepps.

¹ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

² Skólanámskrá, starfsáætlun, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun, matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

³ Þegar talað er um deildarstjóra í skýrslunni er átt við deildarstjórana tvo og staðgengil leikskólastjóra, nema annað sé tekið fram.

Skólaheimsóknin stóð yfir í tvo og hálfan dag, 17., 18. og 19. mars 2015. Starfsmenn vissu hvaða daga matsmenn voru væntanlegir í vettvangsheimsókn en ekki á hvaða tíma. Fylgst var með uppeldi, kennslu og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna á deildum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af skólastarfi á þeim fimm meginþáttum sem viðmiðin ná til⁴. Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Leikskólastjóra var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum og leiðréttingum við skýrsluna.

Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn Undraland

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsemi leikskólans Undralands hófst árið 1982 og var rekinn af foreldrum til ársins 1990 þegar sveitarfélagið tók yfir rekstur hans. Leikskólinn var fyrst starfræktur í bráðabirgðarhúsnæði en 2003 flutti leikskólinn í eigið húsnæði á Flúðum. Stærð leikskólans er 434 m². Í leikskólanum dvelja 36 börn á aldrinum 12 mánaða til sex ára, 17 stúlkur og 19 drengir. Börnunum er skipt á þrjár deildir, Skógar- kot, Heiðakot og Móakot. Níu til 16 börn eru á deildum og fer fjöldinn eftir aldri barnanna. Átta börn í leikskólanum eiga annað móðurmál en íslensku, eitt barn er með skilgreindan stuðning og er gerð einstaklingsnámskrá fyrir það. Leikskólinn er opin frá kl. 7:45 – 16:00.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 15 starfsmenn í 8,81 stöðugildum, þar með talinn leikskólastjóri, starfsmaður í eldhúsi, ræstingum og afleysingum. Stjórnunarhlutfall Undralands er 100%, enginn aðstoðarleikskólastjóri er í leikskólanum en einn deildarstjóri er staðgengill leikskólastjóra. Fimm starfsmenn eru með leikskólakennaramenntun, þar með talinn leikskólastjóri. Sérkennslustjóri í 65% starfi er menntaður þroskaþjálfari og einn starfsmaður er nemandi í leikskólafræðum. Aðrir starfsmenn eru ekki uppeldis- menntaðir. Leikskólinn uppfyllir ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skóla- stjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.⁵

Starfsmannavelta

Starfsmannahald í leikskólanum er frekar stöðugt, tveir starfsmenn hafa verið ráðnir í stað starfsmanna sem hættu í lok síðasta árs og byrjun þessa. Tíð skipti á leikskólastjórum hafa verið undanfarin ár, frá 2011 hafa fjórir einstaklingar gegnt leikskólastjórastöðu í leikskólanum.

Húsnæði

Húsnæði leikskólans uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008.⁶ Húsnæðið er rúmgott og hljóðvist góð. Hver deild hefur til umráða leikstofu, hvíldarherbergi, snyrtingu og fataklefa. Auk þess er sameiginlegt rými á opnu svæði í miðju leikskólans sem nýtt er undir einingakubba og sem matsalur leikskólans. Einnig er listaskáli í sameiginlegu rými leikskólans. Skrifstofa er fyrir leikskólastjóra, fundarherbergi sem einnig er nýtt fyrir sérkennslu, undirbúningsherbergi og kaffistofa fyrir starfsmenn.

⁴ Sjá nánar í lok skýrslunnar.

⁵ Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

⁶ Lög um leikskóla nr. 90/2008

Útileiksvæði

Útileiksvæði er stórt, vel skipulagt og búið góðum leiktækjum. Á útileiksvæði er matjurtagarður sem nýttur er með börnunum.

Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008

Gefin var út skólanámskrá sem tekur mið af áherslum aðalnámskrár leikskóla frá 2011.

Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans

Niðurskurður var á fjármagni til leikskólans til endurmenntunar og tækjakaupa. Starfsmönnum var fækkað og teknar af afleysingar. Yfirvinna var tekin af og starfsmannafundir voru styttnir úr tveimur tímum á mánuði í einn tíma. Opnunartími leikskólans var styttnur um klukkutíma og sú breyting hefur ekki gengið til baka. Búið er að auka aftur fjármagn til leikskólans, m.a. til tækjakaupa.

Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins

Sveitarfélögin Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur hafa sett sér skóla- og æskulýðsstefnu fyrir leik- og grunnskóla. Í stefnunni segir að viðkomandi stofnunum sé ætlað að taka mið af henni í allri starfsemi sinni. Í stefnunni segir að sveitarfélögin leggi áherslu á að reka metnaðarfullt skóla- og æskulýðsstarf með lýðræðisleg sjónarmið að leiðarljósi. Leggja skuli áherslu á fjölbreytileika einstaklinga og að öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks sé ávallt í fyrirrúmi. Í stefnunni er hvatt til samstarfs stofnana en um leið skal hverri stofnun skapað svigrúm til að viðhalda menningarlegum sérkennum.

Í stefnunni eru sett fram nokkur almenn markmið:

- Boðið verði upp á fjölbreytt nám og kennsluhætti með áherslu á samfélag, náttúru, íþróttir og list- og verkgreinar.
- Áhersla skal lögð á nýsköpun og að nám virki skapandi og hvetji til gagnrýnnar hugsunar nemenda.
- Að þroska og virkja nemendur í sjálfsnámi og samvinnu.
- Markmiðum aðalnámskrár verði náð með fjölbreyttum leiðum og með einstaklinginn í forgrunni.
- Samstarf milli skóla og skólastiga verði eflt.

Auk þessara almennu markmiða eru sett markmið fyrir eftirtalda þætti:

- Umhverfi og útivist
- Aðbúnað skóla
- Heilbrigði og vellíðan
- Vináttu og virðingu
- Lýðræði í skólastarfi
- Starfsfólk

Í stefnunni kemur fram að leggja skuli áherslu á fjölbreytni í námi og kennsluháttum sem er undirstaða þroska, velferðar og menntunar nemenda.⁷

⁷ Skóla- og æskulýðsstefna Hrunamannahrepps.

Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslupættir leikskólans

Leikskólinn Undraland starfar eftir hugmyndafræði Reggio Emilia, fjölgreindakenning Howard Gardners og kenningum Caroline Pratt og einkunnarorð leikskólans eru *umhverfi, umhyggja*.⁸ Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að aðaláherslur í starfi leikskólans tengist hugmyndafræði Reggio Emilia en lítið sé unnið með kenningar Gardners eða Pratt. Fram kom í viðtölum við leikskólastjóra og deildarstjóra að þeir hafi ekki komið að mótun þeirrar hugmyndafræði sem leikskólinn starfar eftir og að vilji sé til að endurskoða þessar áherslur. Í viðtali við deildarstjóra kom fram að þeir telja einkunnarorð leikskólans vera *gleði, virðing og vinátta*.⁹ Leikskólastjóri lagði áherslu á að frjálsi leikurinn væri mikilvægur sem námsleið barnanna. Lögð er áhersla á skapandi starf í leikskólanum og gott aðgengi barna að efnivið til þess. Einnig er mikil áhersla á útinám og samstarf við stofnanir samfélagsins.¹⁰ Í viðtölum við deildarstjóra kom fram að þeir telja leikskólann starfa samkvæmt hugmyndafræði Reggio Emilia með áherslur á skapandi starf og útinám. Starfsmenn og foreldrar þekkja Reggio Emilia hugmyndafræði leikskólans og telja að unnið sé samkvæmt henni. Starfsmenn segja einkunnarorð leikskólans vera *virðing og vitneskja*. Foreldrar í rýnihópi sögðu einkunnarorð leikskólans vera *virðing, vitneskja, vinátta*. Af viðtölum við stjórnendur, starfsmenn og foreldra má því ráða að einkunnarorð leikskólans eru ekki öllum ljós eða töm í umræðu. Unnið er með ART (e. Aggression Replacement Training) sem er aðferð við félagsfærniþjálfun í leikskólum.¹¹ Í viðtölum við stjórnendur og starfsmenn kom fram að lögð er mikil áhersla á að mæta hverju barni þar sem það er statt, horfa á styrkleika hvers og eins og gefa öllum tækifæri til að þroska einstaklingsfærni sína.¹²

Styrkleikar

- Í leikskólanum er unnið út frá ákveðinni hugmyndafræði.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt skóla- og æskulýðsstefnu sveitarfélagsins.
- Lögð er áhersla á leikinn sem náms- og þroskaleið barnanna.
- Lögð er áhersla á einstaklingsbundið nám og mikilvægi þess að gefa öllum sömu tækifæri til náms og þroska.
- Góð samvinna er við skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að endurskoða hugmyndafræði leikskólans með aðkomu alls starfsfólks.
- Taka þarf upp umræðu um einkunnarorð leikskólans.

Skólanámskrá

Skólanámskrá leikskólans Undralands er frá árinu 2013 og var að mestu unnin af þáverandi leikskólastjóra. Starfsmenn sem voru starfandi á þeim tíma komu aðeins lítillega að þeirri vinnu. Skólanámskrá uppfyllir kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá árinu 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og skóla- og æskulýðsstefnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá árinu 2012. Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Hugmyndafræði leikskólans byggir á hugmyndafræði Reggio Emilia, fjölgreindakenningu Howard Gardners og kenningum Caroline Pratt. Í námskrá er fjallað um lykilþættina leik og nám, lýðræði og jafnrétti, læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menningu.

Einkunnarorð leikskólans eru *umhverfi, umhyggja*. Í skólanámskrá segir að lögð sé áhersla á að barnið fái nægan tíma í frjálsum leik, hvort sem er úti eða inni, vegna þess að leikurinn er ein öflugasta leiðin til þroska barnsins og að börnin tileinki sér það að hugsa sjálfstætt með því að fá þau til að spyrja spurninga og leita svara.¹³

⁸ Skólanámskrá leikskólans.

⁹ Viðtal við deildarstjóra.

¹⁰ Viðtal við leikskólastjóra.

¹¹ ART.

¹² Viðtöl við leikskólastjóra, sérkennslustjóra, staðgengil leikskólastjóra og deildarstjóra.

¹³ Námskrá leikskólans.

Í skólanámskrá er einnig lögð áhersla á ábyrgð og fagmennsku kennarans við að skapa börnunum þroskavænlegt umhverfi. Kennarinn á að vera þátttakandi í leik barnanna, þannig kynnist hann börnunum betur og getur áttað sig á hvað leikurinn kann að endurspegla.¹⁴

Samræmi leikskólastarfsins við skólanámskrá

Samkvæmt dagskipulagi skólans skiptist dagurinn í hópastarf fyrir hádegi og í skipulagðar verkefnastundir eða frjálsan leik inni eða úti eftir hádegi þar sem hlutverk kennarans er að tengja saman námsvið aðalnámskrár.¹⁵ Í viðtali við deildarstjóra kom fram að þeir skipuleggja vikuna þannig að einn dag í viku er útikennsla, annan dag er myndlist, þriðja hreyfing og fjórða þema mánaðarins. Föstudagar eru notaðir til fundarhalda.¹⁶ Í hópastarfi er unnið með ákveðið þema sem starfsfólk yngri deilda ákveður mánuð í senn en börnin á elstu deildinni taka þátt í að velja þemað og fer það þá eftir áhuga barnanna hverju sinni hvert þemað er.¹⁷ Í vettvangsathugun sáu matsmenn skráningar frá þessum stundum.

Einu sinni í viku eru svokallaðar snillinga- og vitringastundir á eldri deildum. Markmið vitringastunda eru að efla málkilning, talnaskilning, form og líkamsvitund. Markmið snillingastundar eru að efla hópkennd, samvinnu og að börnin fái að kynnast flóknari verkefnum, ólíkum þeim sem þau hafa áður unnið.¹⁸ Markvisst útinám er einu sinni í viku og sáu matsmenn hvernig áhugasvið barnanna var notað í þessum stundum. Leikskólinn hefur aðgang að íþróttahúsi grunnskólans og fara tvær eldri deildirnar þangað í hreyfistund einu sinni í viku og yngsta deildin aðra hverja viku. Í frjálsa leiknum fá börnin að flæða óhindrað um deildina og starfsfólk var duglegt að nýta allt húsnæði leikskólans vel.¹⁹

Í vettvangsathugun sáu matsmenn að börnunum er mætt af mikilli hlýju og virðingu. Starfsfólk var mikið á gólfinu með börnunum í leik og allt umhverfið var skipulagt með aldur og þroska barnanna í huga. Börnin voru hvött til sjálfshjálpar og gefinn góður tími til þess. Í rýnivíðtölum við starfsmenn kom fram að vinnan með börnunum einkennist af gleði, jákvæðni og að mikilvægt sé að börnunum líði vel og séu glöð.²⁰

Vinna með læsi er ágætlega sýnileg í leikskólanum. Á eldri deildum er ritmál sýnilegt. Matsmenn sáu hvernig unnið var með læsi á mismunandi hátt; sagðar sögur, lesnar bækur og mikið sungið af krefjandi textum. Börnin hafa aðgang að bókum og tákni með tali er áberandi í öllu starfi. Að sögn leikskólastjóra er verið að vinna að gerð læsisstefnu fyrir sveitarfélagið og á hún að vera tilbúin vorið 2015.²¹

Sköpun er áberandi þáttur í leikskólanum og sáu matsmenn mikið af efnivið sem börnin hafa góðan aðgang að og verk eftir börnin eru víða sýnileg í leikskólanum. Á dagskipulagi er vinna í listasmíðju áætluð að minnsta kosti einu sinni í viku.²²

Einingakubbar eru í leikskólanum og er þeir staðsettir í sameiginlegu rými í miðju hússins. Afmarkað svæði er ætlað fyrir kubbana sem býður upp á þann möguleika að byggingarnar geti staðið dag frá degi og leikurinn þróast áfram.

Í starfi leikskólans er mikið unnið með útinám en umhverfi leikskólans býður upp á mikla möguleika fyrir umhverfismennt þar sem skógarlundir, fjöll og ár eru allt um kring. Í starfsáætlun Undralands eru ákveðnar vikur í júní sem kallast garðyrkjuvika, fallgönguvika, skógarvika og vatnsvika. Markmiðið með þessum vikum er að gera starfið fjölbreyttara og til að nýta tímann í júní í annað en bið eftir sumarfríi. Í garðyrkjuviku er samstarf við Flúðaskóla um að setja niður kartöflur og elstu börnin í leikskólanum fara í útinám með 1. bekk Flúðaskóla. Í fjallgönguviku ganga þriggja til sex ára börn á Miðfell sem er fjall í nágrenni leikskólans. Í skógarvikunni er farið í kvennfélagsskóginn alla vikuna og börnin njóta sín í frjálsum leik og skipulögðum verkefnum. Í vatnsviku er leikið með vatni, gerðar tilraunir og meðal annars eru Litla-Laxá og Hellisholtalækurinn rannsökuð. Uppskeruhátíð er að hausti en þá koma börnin í 1. bekk og hjálpa til að taka upp kartöflurnar sem settar voru niður í garðyrkjuvikunni.²³

¹⁴ Námskrá leikskólans.

¹⁵ Dagskipulag leikskólans.

¹⁶ Viðtal við deildarstjóra.

¹⁷ Viðtal við deildarstjóra.

¹⁸ Starfsáætlun leikskólans.

¹⁹ Viðtal við deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

²⁰ Rýnihópur starfsmanna.

²¹ Viðtal við leikskólastjóra.

²² Dagskipulag leikskólans.

²³ Starfsáætlun leikskólans og gögn frá leikskólastjóra.

Í leikskólanum er flokkaður lífrænn úrgangur og pappír, en matsmenn sáu börnin ekki taka þátt í flokkuninni.

Til þess að auka heilbrigði og vellíðan barnanna er boðið upp á hollan mat og mikla hreyfingu. Maturinn kemur frá eldhúsi grunnskólans. Í nágrenni leikskólans er mikið af gróðurhúsum og í vettvangsat-hugun sáu matsmenn hvað börnin nutu þess að borða grænmeti jafnt sem ávexti. Í tengslum við útinámið er farið í lengri og styttri vettvangsferði og eru þá fyrirtækin á staðnum gjarnan heimsótt. Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst gaman í leikskólanum og þau geta valið hvað þau vilja gera. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir telja að börnin fái almennt krefjandi og fjölbreytt verkefni.²⁴

Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár

Ný námskrá fyrir leikskólann Undraland var gerð 2013. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að hann tók við leikskólastjórarstarfinu síðasta sumar og kom því ekki að gerð hennar. Tveir af deildarstjórunum hófu störf eftir að námskráin kom út og komu þar af leiðandi heldur ekki að gerð hennar. Í viðtali við staðgengil leikskólastjóra kom fram að hann hafi lítið komið að gerð námskrárinnar, aðeins skoðað námsþættina. Í rýnihóp starfsmanna kom fram að þeir komu ekki að gerð námskrár. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að hann hefði áhuga á að endurskoða námskrána og áformar að hefja þá vinnu á þessu ári.²⁵

Styrkleikar

- Mikil áhersla er á að nýta umhverfi leikskólans til útináms.
- Leikskólinn er í góðu samstarfi við grenndarsamfélagið.
- Skipulag námsumhverfisins í leikskólanum er hugsað út frá þörfum barna og húsnæðið er mjög vel nýtt.
- Mikið er unnið með tónlist og myndlist, skólinn er vel búinn hljóðfærum og efnivið fyrir skapandi starf.
- Mikið er sungið með börnunum og textaval fjölbreytt.
- Framkoma starfsmanna við börnin einkennist af umhyggju og hlýju.
- Starfsmenn taka virkan þátt í leik barnanna.

Tækifæri til umbóta

- Auka þátttöku barna í flokkun pappírs og úrgangs.
- Æskilegt er að endurskoða skólanámskrá með aðkomu alls stafsfolks.
- Skoða ætti hvort leikskólinn geti tekið upp flokkun pappírs og úrgangs.

Stjórnun og starfsmannamál

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans Undralands er Hrunamannahreppur. Sveitarfélagið tekur þátt í rekstri skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða ásamt sex öðrum sveitarfélögum. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps hefur rekstrarlegt eftirlit með skólum sveitarfélagsins en skrifstofa skóla- og velferðarþjónustu hefur faglegt eftirlit. Markmið skólalæðingunnar er að veita sem besta kennslufræðilega og sálfræðilega ráðgjöf og aðstoða við umbóta- og þróunarstarf í grunnskólum og leikskólum samkvæmt skólalæðingunni Hrunamannahrepps. Leikskólaráðgjafi frá Skóla- og velferðarþjónustu fundar einu sinni í mánuði með

²⁴ Rýnihópar barna og foreldra.

²⁵ Viðtal við deildarstjóra, staðgengil leikskólastjóra, leikskólastjóra og rýnihóp starfsmanna.

leikskólastjórum svæðisins. Á fundunum er boðið upp á fræðslu og kynntar nýjungar á sviði leikskólamála. Leikskólastjóri segir að gott aðgengi sé að starfsmönnum þjónustunnar.²⁶ Á vegum sveitarfélagsins er starfandi skólanefnd sem skipuð er þrem fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af sveitarstjórn. Skólastjórnendur, fulltrúar starfsmanna og foreldra í Hrunamannahreppi eiga setu á fundum leikskólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hlutverk ráðsins er að fara með málefni leikskólans. Eftirlit með starfsemi leikskólans er í höndum leikskólanefndar sem fer yfir starfsáætlanir og starfsskýrslur frá leikskólanum.²⁷

Leikskólastjóri Undralands hóf störf í júní 2014 en hafði starfað tvö ár sem leikskólastjóri í afleysingum á árunum 2009-2011. Hann leggur áherslu á að mikilvægt sé að vinna út frá ákveðinni hugmyndafræði og að allir starfsmenn komi að því að móta starf leikskólans.²⁸ Í leikskólanum er ekki aðstoðarleikskólastjóri en einn deildarstjórinn er staðgengill leikskólastjóra. Hlutverk staðgengils er að leysa leikskólastjóra af þegar hann er fjarverandi og vera leikskólastjóra til aðstoðar við ýmis mál er varða starfsemina en ekki er til skriflegur samningur um þetta.²⁹ Leikskólastjóri fundar annan hvern mánuð, með skólanefnd Hrunamannahrepps og oftast ef með þarf.³⁰ Ekki er til skipurit fyrir leikskólann en í starfsmannahandbók eru lýsingar á verkefnum sem varða opnun og lokun leikskólans og á heimasíðu leikskólans er listi yfir starfsmenn með starfsheitum.³¹ Í starfsmannahandbók eru upplýsingar um fjölda og skipulag starfsdaga og starfsmannafunda. Sex starfsdagar eru á ári, starfsmannafundir eru mánaðarlega, deildarstjórafundir þrisvar í mánuði og fundir annara starfsmanna á deildum einu sinni í mánuði. Deilafundir eru vikulega. Starfsdagar og starfsmannafundir eru nýttir til að ræða starfsemi og uppeldisstarf leikskólans.³² Deildarstjórafundir eru nýttir til að skipuleggja daglegt starf í leikskólanum. Dagskrá er gerð fyrir fundi og starfsdaga og ritaðar fundargerðir. Fundir starfsmanna á deildum eru nýttir til að ræða starfið á deildum eða fá fræðslu og leikskólastjóri leggur fram efni fyrir þessa fundi. Daglega eru stuttir upplýsingafundir í byrjun dags.

Ákvarðanatöku varðandi faglegt starf er að mestu í höndum leikskólastjóra en í viðtali við deildarstjóra kom fram að þeir vildu gjarnan koma meira að stjórnun og ákvarðanatöku í leikskólanum. Þeir vilja vera meiri meðstjórnendur og sögðu að það vantaði betra upplýsingastreymi milli leikskólastjóra og deildarstjóra. Að sögn deildarstjóra þarf að bæta verkferla varðandi ákvarðanatöku og öll stjórnun leikskólans þarf að vera skilvirkari.³³ Í rýnihópi starfsmanna kom fram að aðkoma þeirra að ákvarðanatöku innan leikskólans er mest innan deilda, þar eru þeir hvattir til að koma með hugmyndir og þar er hlustað á þær.³⁴ Í viðtali við sérkennslustjóra kom fram að aðkoma hans að stjórnun er lítil og þá aðeins í sambandi við sérkennslu. Sérkennslustjóri vill gjarnan koma meira að stjórnun og stefnumótun leikskólans og nefndi sem dæmi að leikskólinn þurfi að móta sér lestrarstefnu.³⁵ Leikskólastjóri telur að starfsmenn hafi aðkomu að daglegum rekstri leikskólans en upp hafi komið hugmyndir um aukið frelsi fyrir starfsmenn til að koma með hugmyndir um nýjungar og að þeir fái meira svigrúm til að hafa áhrif á stjórnun og ákvarðanatöku.³⁶ Skólanámskrá leikskólans var unnin í tíð fyrrverandi leikskólastjóra en árleg starfsáætlun er unnin af deildarstjórum og leikskólastjóra.³⁷ Að sögn deildarstjóra og starfsmanna hafa þeir gott aðgengi að leikskólastjóra en boðleiðir eru ekki alltaf nógu skýrar og hlutverk staðgengils óskýrt.³⁸ Foreldrar segja að auðvelt sé að ná sambandi við leikskólastjóra og aðra

²⁶ Viðtal við leikskólastjóra.

²⁷ Viðtal við formann skólanefndar.

²⁸ Viðtal við leikskólastjóra.

²⁹ Viðtöl við leikskólastjóra og staðgengil leikskólastjóra.

³⁰ Viðtal við formann skólanefndar.

³¹ Heimasíða leikskólans og starfsmannahandbók – gagn frá leikskólastjóra.

³² Viðtal við leikskólastjóra og staðgengil leikskólastjóra.

³³ Viðtal við deildarstjóra.

³⁴ Rýnihópur starfsmanna.

³⁵ Viðtal við sérkennslustjóra.

³⁶ Viðtal við leikskólastjóra.

³⁷ Viðtal við leikskólastjóra.

³⁸ Viðtal við deildarstjóra.

starfsmenn leikskólans.³⁹ Deildarstjórar og starfsmenn eru ekki sáttir við stjórnun leikskólans, telja skorta á faglega forystu og samráð við þá, „vantar meira lýðræði.“⁴⁰ Leikskólastjóri sagðist koma mikið inn á deildir, mest til að leysa af, en reyna að fylgjast með starfinu og hrósa fólki fyrir vel unnin störf, en tók fram að það þar gæti hann sennilega bætt sig.⁴¹ Deildarstjórar og starfsmenn staðfesta það að leikskólastjóri komi oft inn á deildir og hjálpi til en telja að hrós og hvatning frá hans hendi mætti vera meiri. Þessir hópar eru sammála um að leikskólastjórinn reyni að leggja sitt af mörkum til að efla góðan starfsanda í leikskólanum.⁴² Fram kom hjá deildarstjórum að nýjum hugmyndum er mis vel tekið af leikskólastjóra og vantar á að hann veiti starfsmönnum stuðning við framkvæmdir.⁴³ Fram kom í rýnihópi barna að þau vita hvað leikskólastjórinn heitir og aðspurð um hvað hann geri sögðu þau að hann ráði í leikskólanum og vinni á tölvu.⁴⁴

Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál

Leikskólinn gefur árlega út starfsáætlun eins og lögbundið er. Hana er að finna á heimasíðu leikskólans. Þar er að finna upplýsingar um innra mat vegna starfsmannamála, áherslur í leikskólastarfinu fyrir næsta skólaár, þar sem fram koma markmið fyrir hverja deild, upplýsingar um fjölda starfsmanna, rammi fyrir starfsþróun, dagskipulag leikskólans, leikskóladagatal fyrir skólaárið, upplýsingar um fjölda barna, kynjaskiptingu, aldur og dvalartíma. Þar er einnig kafli um foreldrasamstarf og samstarf leikskóla og grunnskóla.⁴⁵ Leikskólinn skilar ársskýrslu til skólanefndar árlega.⁴⁶ Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári og tekur leikskólastjóri þau.⁴⁷ Leikskólinn er ekki með símenntunaráætlun fyrir utan þann ramma sem settur er í starfsáætlun. Ekki er til móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn í leikskólanum. Leikskólinn er með rýmingaráætlun, jarðskjálftavarnir, áhættumat og inflúensuáætlun.⁴⁸ Leikskólinn er ekki með áfallaáætlun.

Styrkleikar

- Stjórnun leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti.
- Samvinna stjórnenda við skólanefnd er góð og funda þessir aðilar mánaðarlega.
- Börnin hafa gott aðgengi að leikskólastjóra.
- Leikskólinn gefur úr starfsáætlun og skilar ársskýrslu.

Tækifæri til umbóta

- Gera ætti skriflegt samkomulag um hlutverk staðgengils leikskólastjóra.
- Gera ætti skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans.
- Gera ætti formlegar starfslýsingar fyrir stjórnendur og starfsmenn.
- Gera ætti formlega verkferla um ákvarðanatöku.
- Auka ætti lýðræði í leikskólanum varðandi stjórnun leikskólans.
- Leikskólastjóri ætti að skerpa á faglegri stjórnun í leikskólanum.
- Gera ætti símentunaráætlun fyrir starfsmenn.

³⁹ Rýnihópur foreldra.

⁴⁰ Viðtal við deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

⁴¹ Viðtal við leikskólastjóra.

⁴² Viðtal við deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

⁴³ Viðtal við deildarstjóra.

⁴⁴ Rýnihópur barna.

⁴⁵ Starfsáætlun leikskólans.

⁴⁶ Viðtal við formann skólanefndar.

⁴⁷ Viðtal við leikskólastjóra, deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

⁴⁸ Gögn frá leikskólastjóra - Starfsmannahandbók.

Uppeldi, menntun og umönnun

Í aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólstarfi. Þar segir:

Leikurinn er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólstarfsins. Leikurinn er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn.⁴⁹

Í skólanámskrá Undaralands kemur fram að leikurinn í allri sinni fjölbreytni, er hornsteinn leikskólstarfsins. Fyrir börn er leikurinn lífs- og lærdómsform sem þau nota til tjáningar. Leikurinn er í raun bæði markmið og leið í uppeldisstarfinu. Í frjálsa leiknum er barnið að skapa úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og leitar lausna.⁵⁰ Í viðtali við deildarstjóra kom fram að verið sé að leyfa börnunum að uppgötva sjálf og starfsfólk er duglegt við að spyrja börnin, leyfa þeim að stjórna sér sjálf og finna leiðir með áherslu á leikinn.⁵¹

Hver deild gerir eigin starfsáætlun fyrir komandi ár. Í þeim koma fram áherslur hvernar deildar með markmiðum og leiðum. Þessar starfsáætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu. Í viðtölum við deildarstjóra og starfsmenn kom fram að ekki er haft mikið samráð milli deilda við gerð þessara áætlana og að það vanti umræðu og samræmingu um leiðir í leikskólstarfinu.⁵² Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra, deildarstjórum og starfsmönnum er fyrirhugað að leikskólinn fari í þróunarverkefni á næsta leikskólaári um hugmyndafræði Reggio Emilia og eru miklar væntingar hjá starfsmönnum um að það leiði þá áfram í því að samræma sjónarmið og þróa fagleg vinnubrögð.⁵³

Á vettvangi sáu matsmenn að börnin fengu góðan tíma fyrir leik og daglegar athafnir. Allt húsnæði var vel nýtt og aðlagð fyrir frjálst flæði í leik barnanna og starfsaðferðir einkenndust af lýðræðislegum vinnubrögðum, gleði og sköpun. Læsi var sýnilegt í umhverfinu og var nokkuð um myndskráningar í hæð barnanna á yngri deildum. Gert er ráð fyrir daglegri útiveru barnanna, daglegu hópstarfi sem skiptist í vinnu með þema, sköpun, útinámi, hreyfingu í íþróttasal og sérstökum verkefnastundum. Elstu börnin fara vikulega í heimsókn í grunnskólann.

Í leikskólanum er matast í sameiginlegu rými og um áramót var fyrirkomulagi matartímans breytt þannig að nú skammta börn allt niður í 18 mánaða aldur sér sjálf mat á disk af hlaðborði. Matsmenn urðu vitni að því hvernig matmálstímar einkenndust af ró og yfirvegum barnanna. Í samtali við matráð og annað starfsfólk kom fram að betri nýting er á matnum, börnin klára frekar það sem þau fá sér og eins hefur grænmetisneysla aukist eftir að þessi breyting var gerð.

Starfsfólk mætir börnunum af virðingu og gleði, hlustar og beygir sig niður í augnhæð barnana þegar það talar við þau. Starfsfólk leggur sig fram um að vera þátttakendur í leik barnanna og situr mikið á gólfinu svo börnin hafa gott aðgengi að þeim.

Leikföng og efniviður

Efniviður innanhúss er fjölbreyttur. Tölvuvert er um opinn efnivið eins og kubba. Einingakubbar eru í sameiginlegu rými sem allar deildir hafa aðgang að og ætlað er eingöngu fyrir þá. Geta byggingar því staðið þar dag frá degi og leikurinn þróast áfram. Dýr og önnur smáleikföng, púsl og spil eru til staðar og bækur eru í hæð barnanna inni á deild. Hlutverkaleiknum er gerð góð skil og hefur starfsfólk notað hugmyndaflug sitt til að nýta það sem til fellur í því sambandi. Speglar, bókstarfir, tölvustafir og myndskráningar í hæð barnanna eru inni á deildum. Í sameiginlegri listasmiðju er mikið af fjölbreyttum efniviði. Að mati starfsmanna og stjórnenda er almenn ánægja með þann efnivið sem í boði er.⁵⁴

⁴⁹ Aðalnámskrá leikskóla 2011.

⁵⁰ Skólanámskrá leikskólans.

⁵¹ Viðtal við deildarstjóra.

⁵² Viðtal við deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

⁵³ Viðtöl við leikskólastjóra, deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

⁵⁴ Viðtal við leikskólastjóra, deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

Líðan barna

Í rýnihóp barna kom fram að það væri gaman í leikskólanum. Þau sögðu að stundum væri verið að stírða en þá „hunsa þau bara viðkomandi“ og hlusta ekki á það.⁵⁵ Í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeir telja að börnunum líði vel, þau eru kát að koma og vilja ekki fara heim í lok dags.⁵⁶ Deildarstjórar sögðu að foreldrar tali um það í foreldraviðtölum að börnin væru ánægð í leikskólanum.⁵⁷ Matsmenn sáu að börnin voru glöð og starfssöm og að starfsmenn voru vakandi fyrir því að sinna þeim og bregðast við ef eitthvað fór úrskeiðis. Afslappað andrúmsloft var í leikskólanum og í dagskipulagi er öllum þáttum gefinn góður tími.

Lýðræði og mannréttindi

Í skólastefnu Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps er eitt af markmiðunum að efla lýðræðislega þátttöku nemenda.⁵⁸ Í skólanámskrá leikskólans kemur fram að áhersla er á jafnrétti og að lýðræðisleg vinnubrögð skulu fléttast inn í allt starf leikskólans, m.a. í samskiptum, samvinnu starfsmanna og barna, samstöðu og viðurkenningu á ólíkum skoðunum.⁵⁹ Í viðtali við staðgengil leikskólastjóra kom fram að hann telur að leikskólastjórinn vilji leggja upp með þátttökustjórnun og valdreifingu í starfsmannahaldinu.⁶⁰ Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að hann telur mikilvægt að allt starfsfólk taki þátt í stefnumótun leikskólans.⁶¹ Í rýniviðtölum við börnin kom fram að þau segjast mega velja sér verkefni og þau megi ráða hvað þau leiki bæði inni og úti. Einnig kom fram að þau megi skipta um verkefni en „ekki alveg þegar þau eru að byrja.“ Í hópastarfi, þema og útinámi segjast þau stundum mega ráða.⁶² Deildarstjórar og foreldrar sögðu að elstu börnin væru árlega tekin í viðtal til að heyra skoðanir þeirra um leikskólann.⁶³ Þegar deildarstjórar og starfsmenn voru spurðir hvort börnin geti haft áhrif á verkefni sín og umhverfi svöruðu þeir að svo væri, þeir reyndu að láta þau hafa áhrif.⁶⁴ Matsmenn urðu vitni að því að börnin voru spurð og þau höfðu tækifæri til að hafa áhrif á verkefnaval og framgang stunda.

Samskipti og hegðun

Börnin í Undralandi eru glöð og áhugasöm að mati matsmanna. Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst gaman í leikskólanum. Þegar þau voru spurð hvort það væru einhverjar reglur í leikskólanum töldu þau upp fjórar reglur og sögðu að börn og kennarar hefðu samið þær.⁶⁵ Í viðtali við deildarstjóra kom fram að lögð væri áhersla á að börnunum líði vel og það væri borin virðing fyrir þeim og þroska þeirra. Einnig væri lögð áhersla á umburðarlyndi, gleði og kærleik í samskiptum við börnin.⁶⁶

Matsmenn sáu góð og árekstrarlaus samskipti í barnahópnum. Í vettvangsathugun mátti sjá að börnin fengu tíma og starfsmenn sýndu þolinmæði í fataklefa og leikurinn fékk að flæða frjálst. Allsstaðar sáu matsmenn að starfsfólk sat mikið á gólfinu með börnunum í frjálsa leiknum og að börnin höfðu gott aðgengi að þeim. Starfsmönnum leikskólans hefur tekist að skapa jákvætt og afslappað andrúmsloft í leikskólanum og í öllum samskiptum mátti greina virðingu fyrir börnunum, viðleitni til að koma til móts við þarfir þeirra og vilja til að leiðbeina þeim á uppbyggilegan hátt.

⁵⁵ Rýnihópur barna.

⁵⁶ Rýnihópur starfsmanna.

⁵⁷ Viðtal við deildarstjóra.

⁵⁸ Skólastefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

⁵⁹ Skólanámskrá leikskólans.

⁶⁰ Viðtal við staðgengil leikskólastjóra.

⁶¹ Viðtal við leikskólastjóra.

⁶² Rýnihópur barna.

⁶³ Viðtal við deildarstjóra og rýnihópur foreldra.

⁶⁴ Viðtal við deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

⁶⁵ Rýnihópur barna.

⁶⁶ Viðtal við deildarstjóra.

Skólaþróun

Í starfsáætlun leikskólans er áætlun um starfsþróun og þar segir að allir starfsmenn fari á haustþing 8. deildar Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda í leikskólum og sameiginlegan námskeiðsdag á vegum skólaþjónustu og velferðarþjónustu Árnesþings. Auk þessa eru starfsmenn hvattir til að sækja námskeið og fyrirlestra. Einnig er lögð áhersla á góð og jákvæð samskipti og gott upplýsingaflæði.⁶⁷ Í viðtölum við starfsmenn og deildarstjóra kom fram að ekki hafa verið mörg tækifæri til að sækja sér fræðslu eða endurmenntunar utan leikskólans. Ekki væri nægt framboð af fræðslu en fram kom að leikskólastjóri hvetur fólk til að leita sér endurmenntunar en hins vegar væri ekki mikið svigrúm til þess vegna veikinda starfsmanna.⁶⁸

Í viðtölum kom einnig fram að erfitt getur reynst að vinna nýjum hugmyndum brautargengi og oft mæti þær mótlæti. Skortur er á samvinnu milli deilda og samræmingu í starfi. Mjög skýrt kom fram í öllum viðtölum að starfsmenn vænta þess af stjórnanda að hann taki á þessum málum og sýna sterka faglega stjórnun. Stjórnendur og starfsmenn hafa miklar vonir um að væntanlegt þróunarverkefni um hugmyndafræði Reggio Emilia komi til með að sameina starfsmannahópinn og umræðan leiði til sameiginlegrar sýnar á markmið og leiðir í leikskólastarfinu.⁶⁹

Í vetur var gerð breyting á matmálistímum í leikskólanum. Tekið var upp svokallað hlaðborð og flæði. Það þýðir að börnin sækja sér sjálf mat af hlaðborði. Börnin borða ekki öll í einu heldur fara nokkur börn í einu af deildinni og borða. Þegar einhver er búinn og það er laust pláss við borðin, þá kemur næsta barn að borða. Þessi breyting hefur tekist mjög vel og nutu matsmenn þess að sjá hvað börnin voru róleg, örugg og yfirveguð í matartímanum. Þessi vel heppnaða breyting bendir til þess að leikskólinn búi að góðum mannauði sem getur unnið saman að því að gera góðan leikskóla enn betri.

Sérkennslustjóri sagði að mikið væri í boði fyrir sig af námskeiðum og annarri símenntum sem hann væri duglegur að sækja og er hann hvattur til þess af leikskólastjóra og öðru samstarfsfólki.⁷⁰

Styrkleikar

- Starfsfólk sýnir börnunum umhyggju og virðingu.
- Húsnæði leikskólans er vel skipulagt og nýtt í þágu barnanna.
- Þróunarverkefni um fyrirkomulag matmálistíma hefur tekist mjög vel.
- Fyrirhugað er að setja af stað þróunarverkefni um hugmyndafræði Reggio Emilia.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf símenntunaráætlun fyrir allt starfsfólk.
- Leita þarf leiða til að auka samstarf milli deilda.
- Mikilvægt er að í tengslum við væntanlegt þróunarverkefni um Reggio Emilia verði allt starfsfólk þátttakendur og taki þátt í umræðu um markmið og leiðir í leikskólastarfinu.
- Gera þarf sameiginlega starfsáætlun fyrir allan leikskólann með aðkomu allra starfsmanna.

Skólabragur og samskipti

Leikskólinn hefur ekki sett sér starfsmannastefnu. Í námskrá leikskólans segir að leikskólastjóri sem yfirmaður leikskólans beri ábyrgð á rekstri leikskólans og eigi að sjá til þess unnið sé samkvæmt lögum, reglugerðum, stefnum og námskrám sem eiga við um skólastigið. Þar eru einnig upplýsingar um hlutverk og ábyrgð staðgengils, deildarstjóra, leikskólakennara, leiðbeinenda og matráðs.⁷¹ Í viðtali við deildarstjóra og rýnihópi starfsmanna kom fram að þeir eru almennt ánægðir með þau verkefni sem

⁶⁷ Starfsáætlun leikskólans.

⁶⁸ Viðtal við deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

⁶⁹ Viðtöl við leikskólastjóra, deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

⁷⁰ Viðtal við sérkennslustjóra.

⁷¹ Námskrá leikskólans.

verið er að vinna í leikskólanum og telja sig geta notið hæfileika sinna og þekkingar í starfinu. Þó vanti á hvatningu frá leikskólastjóra varðandi nýjungar og faglegt starf.⁷² Starfsmannakönnun var gerð í febrúar 2015 en niðurstöður voru ekki komnar þegar matið var unnið.⁷³

Starfsandi

Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra voru erfiðleikar í starfsmannamálum í leikskólanum á síðasta ári og var brugðist við því með að fá utanaðkomandi ráðgjöf. Það er álit leikskólastjóra að ástandið sé mun betra í ár.⁷⁴ Sömu upplýsingar komu fram hjá deildarstjórum, starfsmönnum og foreldrum.⁷⁵

Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að hann telur að starf leikskólans einkennist af lýðræði og leikgleði allra, barna sem fullorðinna.⁷⁶ Deildarstjórar telja að skólabragurinn einkennist af vilja til að gera vel, en samstaða starfsmanna er ekki nógu góð að þeirra mati, fólki hefur verið sagt upp og það verið fært milli deilda og það hefur skapað togstreitu. Umræða um að breyta leikskólanum í tveggja deilda leikskóla skapar óvissu og óryggi sem kemur niður á starfsandanum.⁷⁷ Staðgengill leikskólastjóra sagði að virkni og gleði einkenni starfið og fólk beri virðingu hvert fyrir öðru og leitist við að vinna saman.⁷⁸ Starfsmenn sögðu að samstarfið gengi upp og niður, leikskólinn væri kvennavinnustaður og starfsmenn telja að æskilegt væri að fá karlmenn til starfa í leikskólanum til að auka fjölbreytni í starfsmannahópnum og í sama streng tók sérkennslustjóri.⁷⁹ Starfsmenn vilja einnig fá meiri samvinnu milli deilda í leikskólanum.⁸⁰ Í rýnihópi foreldra kom fram að starfsandinn í leikskólanum væri góður á þessu ári.⁸¹ Starfsfólk leikskólans undirritar skjal um trúnað og þagnarskyldu og leitað er leyfis til að kalla eftir sakavottorði.⁸² Í leikskólanum er starfandi skemmtinefnd sem skipuleggur viðburði fyrir starfsfólk til að efla jákvæðan starfsanda, m.a. með því að hittast utan vinnu tvisvar á önn, fara í skemmtiferð að vori og starfsmenn skiptast á um að koma með kaffiveitingar á föstudögum.⁸³

Jafnrétti

Í jafnréttisáætlun leikskólans segir að leikskólinn vinni samkvæmt jafnréttisáætlun Hrunamannahrepps þar sem kveðið er á um markmið og gerð áætlunar um hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19.-22. grein laga nr. 10/2008. Í jafnréttisáætlun leikskólans segir að gætt skuli fyllsta jafnréttis milli kynjanna og að hver einstaklingur, nemandi eða starfsmaður, verði metinn á eigin forsendum.⁸⁴ Varðandi jafnrétti í leikskólanum nefndi leikskólastjóri sem dæmi að í leikskólanum starfi starfsmaður af erlendum uppruna og einnig vinnur fatlaður starfsmaður hlutastarf í leikskólanum. Starfsmenn leggi sig fram um að taka tillit til skoðana annarra og sýna hver öðrum umburðarlyndi.⁸⁵ Í viðtali við deildarstjóra kom fram að þeir telja jafnrétti í leikskólanum hafi aukist með fjölgun fagfólks.⁸⁶ Starfsmenn segja að horft sé á styrkleika einstaklingsins, þó beri aðeins á hnökrum í samskiptum leikskólastjóra við fagmenn.⁸⁷

⁷² Viðtal við deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

⁷³ Viðtal við leikskólastjóra.

⁷⁴ Viðtal við leikskólastjóra.

⁷⁵ Viðtal við deildarstjóra, rýnihópar starfsmanna og foreldra.

⁷⁶ Viðtal við leikskólastjóra.

⁷⁷ Viðtal við deildarstjóra.

⁷⁸ Viðtal við staðgengil leikskólastjóra.

⁷⁹ Viðtal við deildarstjóra og sérkennslustjóra.

⁸⁰ Rýnihópur starfsmanna.

⁸¹ Rýnihópur foreldra.

⁸² Viðtal við leikskólastjóra.

⁸³ Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur starfsmanna.

⁸⁴ Jafnréttisáætlun leikskólans.

⁸⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

⁸⁶ Viðtal við deildarstjóra.

⁸⁷ Rýnihópur starfsmanna.

Styrkleikar

- Almennt eru starfsmenn leikskólans ánægðir með starfið í leikskólanum.
- Leikskólinn hefur sett sér jafnréttisáætlun.
- Starfsandinn í leikskólanum hefur batnað frá því sem var á síðasta ári.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að leikskólinn setti sér starfsmannastefnu.
- Mikilvægt er að halda áfram umræðu um starfsandann og samskipti stjórnenda og starfsmanna.

Mat á námi og velferð barna

Notast er við TRAS (*n. tidlig registrering af språkunvikling*), sem er skráningarlisti til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna, og *HLJÓM 2* sem er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskólanum. *Saga mín í leikskólanum* er mappa þar sem safnað er myndverkum, ljósmyndum og frásögnum af leikskólagöngu barnsins. Í lok leikskólagöngu fær barnið möppuna með sér heim til eignar. Upplýsingar úr möppunni eru notaðar í foreldrasamtölum. Deildarstjórar skrá umsögn um hvert barn tvisvar á vetri, á haust- og vorönn. Í vettvangsathugun sáu matsmenn að mikið er til af skráningum sem nota má sem gögn í innra mati.

Foreldraviðtöl eru nýtt til að meta þroska og framfarir barnanna, farið er yfir þroska og framfarir barnanna með foreldrum og þeir upplýstir um hvað æskilegt er að gera til að örva þroska barnanna, bæði í leikskólanum og heima.⁸⁸ Almenn ánægja er með skipulag og innihald foreldraviðtala af hálfu foreldra.⁸⁹ Foreldrakönnun í gegnum Skólapúlsinn var í gangi þegar matið fór fram í leikskólanum.

Talmeinafræðingur sem starfar sem verktaki hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnessýslu veitir ráðgjöf varðandi málörvun einstakra barna.⁹⁰

Styrkleikar

- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar til að meta þroska og framfarir barna.
- Uppeldisfræðilegar skráningar eru unnar í tengslum við möppuna *Saga mín í leikskólanum*.
- Foreldrar koma að mati á þroska og framförum barna og eru þátttakendur í verkefnum sem örva þroska barnanna.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að gera aðferðir við mat á námi og velferð barna sýnilegri í gögnum leikskólans.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Leikskólinn hefur gert foreldrakönnun annað hvert ári en hefur nú tekið upp samstarf við Skólapúlsinn og þar var í gangi foreldrakönnun þegar matið var gert.⁹¹ Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum og handbók fyrir foreldra og einnig er kafli um foreldrasamvinnu í starfsmannahandbók.⁹² Í viðtölum við leikskólastjóra og deildarstjóra kom fram að ætlunin er að endurskoða starfsmannahandbók og móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskóla, m.a. vegna þess að tekin hefur verið upp þátttökuaðlögun í leikskólanum.⁹³ Í viðtali við deildarstjóra kom fram að þeir vilja auka og bæta foreldrasamvinnu í leikskólanum, t.d. með því að fá foreldra meira inn

⁸⁸ Viðtal við deildarstjóra.

⁸⁹ Rýnihópur foreldra.

⁹⁰ Gögn frá deildarstjórum – *Saga mín í leikskólanum*.

⁹¹ Viðtal við leikskólastjóra.

⁹² Gögn frá leikskólastjóra – móttökuáætlun, handbók fyrir foreldra og starfsmannahandbók.

⁹³ Viðtöl við leikskólastjóra og deildarstjóra.

í leikskólann og að þeir geti orðið meiri þátttakendur í ákvarðanatöku leikskólans.⁹⁴ Í rýnihópi með foreldrum kom fram almenn ánægja með faglegt starf í leikskólanum, stjórnun hans og samskipti við starfsfólk. Foreldrar eru ánægðir með viðfangsefni leikskólans og nefndu sérstaklega hvað mikið er farið með börnin út í náttúruna og samvinnu leikskólans við stofnanir samfélagsins.⁹⁵ Leikskólinn býður foreldrum og aðstandendum að taka þátt í ýmsum skipulögðum verkefnum, s.s. karla- og kerlingadögum, vorsýningu, fjöruferð og fjallgöngu. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu en ekki er mikið um að þeir nýti sér það.⁹⁶ Fram kom í rýnihópi foreldra að ekki eru allir á eitt sáttir með opnunartíma leikskólans og vistunarreglur.⁹⁷ Margar leiðir eru farnar til að koma upplýsingum til foreldra, s.s. á upplýsingatöflum við hverja deild, í tölvupóstum, á Facebook-síðu leikskólans, heimasíðu og í daglegri samræðu.⁹⁸

Foreldraráð og foreldrafélag

Í leikskólanum er ekki starfandi foreldraráð.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og eru upplýsingar um markmið þess að finna í skólanámskrá leikskólans.⁹⁹ Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra og foreldrum í rýnihópi tekur foreldrafélagið að sér ýmsa viðburði í leikskólanum, s.s. öskudagsskemmtun, útskriftarferð og vordag (grillhátíð).¹⁰⁰

Samstarf leikskóla og grunnskóla

Flúðaskóli er samstarfsskóli Undralands. Ekki er til skriflegt samkomulag um samstarf. Að hausti er gerð áætlun um samstarf milli skólanna. Deildarstjóri elstu deildar leikskólans og umsjónarkennari 1. bekkjar grunnskólans bera ábyrgð á samstarfi skólanna og vinna árlega samstarfsáætlun. Í áætluninni er gert ráð fyrir að leikskólabörnin fái að kynnast öllum þáttum grunnskólastarfsins, kennslustundum, frímínútum, leikfimi, matartíma og heimsókn til skólastjóra. Grunnskólabörnin heimsækja leikskólann einu sinni í mánuði. Að vori hittast deildarstjórar og umsjónarkennari 1. bekkjar til að meta samstarfið. Eina viku á vori er vorskóli þar sem leikskólabörnin og yngsti árgangur grunnskólans vinna saman.¹⁰¹ Í viðtali við deildarstjóra kom fram að þörf sé á að endurskoða þetta samstarf og þróa áfram vinnu með nám á mörkum skólastiga. Deildarstjórar telja að vilji sé fyrir slíkri endurskoðun bæði í leikskóla og grunnskóla.¹⁰² Foreldrar eru ánægðir með þessa samvinnu og í rýnihópi barna kom fram að gaman væri að fara í heimsókn í grunnskólann.¹⁰³

Annað samstarf

Leikskólinn er í samstarfi við eldri borgara sveitarfélagsins sem koma árlega í 1. desember kaffi og lesa fyrir börnin og allir syngja saman. Samstarf er við verslunina á staðnum (Samkaup) og þar er árlega sett upp sýning í tengslum við dag leikskólans í febrúar. Kaffisel, sem er kaffihús golfskálans, býður leikskólabörnunum til sín á öskudaginn þar sem haldið er ball og borðaðar pizzur. Elstu börnin fara í útskriftarferð að vori og þá býður Útlaginn, sem er veitingastaður á Flúðum, hópnum í mat. Einnig er hægt að fara í vettvangsferðir og líta í heimsókn inn í hvaða fyrirtæki sem er á staðnum og alltaf er tekið vel á móti börnunum.¹⁰⁴ Eins og áður sagði eru foreldrar mjög ánægðir með góð tengsl við samfélagið.

⁹⁴ Viðtal við deildarstjóra.

⁹⁵ Rýnihópur foreldra.

⁹⁶ Viðtal við leikskólastjóra, deildarstjóra og rýnihópa starfsmanna og foreldra.

⁹⁷ Rýnihópur foreldra.

⁹⁸ Viðtöl við leikskólastjóra, deildarstjóra og rýnihópa foreldra og starfsmanna.

⁹⁹ Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópur foreldra og námskrá leikskólans.

¹⁰⁰ Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur foreldra.

¹⁰¹ Viðtal við leikskólastjóra.

¹⁰² Viðtal við deildarstjóra.

¹⁰³ Rýnihópar foreldra og barna.

¹⁰⁴ Viðtal við leikskólastjóra.

Styrkleikar

- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskóla.
- Góð upplýsingagjöf er til foreldra.
- Foreldrar eru ánægðir með þau verkefni sem börnunum er boðið upp á, sérstaklega góð tengsl við náttúru og samfélag.
- Foreldrar eru ánægðir með foreldrasamtöl og þær upplýsingar sem þar eru gefnar.
- Gott samstarf er milli skólastiga.
- Leikskólinn er í föstu samstarfi við eldri borgara og fyrirtæki á staðnum.
- Leikskólinn er í góðum tengslum við vinnustaði á svæðinu.

Tækifæri til umbóta

- Stofna þarf foreldraráð við leikskólann.
- Æskilegt væri að gera skriflegt samkomulag um samstarf leik- og grunnskóla og gera það sýnilegt á heimasíðu leikskólans.
- Gott væri að taka upp umræðu með starfsfólki og foreldrum um skipulag foreldrasamstarfs.

Sérfræðipjónusta og sérkennsla

Hrunamannahreppur tekur þátt í rekstri skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings ásamt sex öðrum sveitarfélögum. Skóla- og velferðarþjónusta sér um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla samkvæmt reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga nr. 584/2012.¹⁰⁵ Kennsluráðgjafi hefur umsjón og eftirlit með stuðningi og sérkennslu í leikskólanum, auk sálfræðings sem starfar á skóla- og velferðarþjónustunni. Sérkennslustjóri leikskólans hefur samband við kennsluráðgjafa þegar grunur vaknar um frávik eða til að meta hvort þörf er á að vísa barninu í greiningu hjá sálfræðingi. Í leikskólanum er TRAS skráningarlistinn (*n. tidlig registrering af språkunvikling*) lagður fyrir til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Leikskólinn hefur ekki sett sér skriflega stefnu um stuðning en samkvæmt upplýsingum frá sérkennslustjóra og leikskólastjóra er það meginreglan að sérkennslubörn taki þátt í öllum verkefnum í leikskólanum en alltaf er horft á þarfir einstaklingsins og því stundum kennt í minni hópum eða einstaklingslega, s.s. málörvun sem fer fram í minni hópum.¹⁰⁶ Í vettvangsathugun urðu matsmenn vitni að því hvernig mikið líkamlega fatlað barn var stutt til að taka þátt í öllum verkefnum með hópnum, leikjum innanhúss, vettvangsferðum og til að fylgja sömu reglum og barnahópurinn í matsalnum. Ekki eru til verkferlar í leikskólanum um hvernig skuli bregðast við þegar grunur vaknar um fötlun eða um skipulag þegar greining er fengin. Sérkennslustjóri fer á milli deilda ef grunur vaknar um þörf fyrir sérkennslu eða stuðning. Byrjað er að skoða skriflega skráningu og nota málþroskaprófið Orðaskil¹⁰⁷ og handbókina *Snemmtæk íhlutun*.¹⁰⁸ Einnig er TRAS skráningin skoðuð. Sérkennslustjóri segir mikilvægt að bíða ekki með að skoða stöðu barnanna, snemmtæk íhlutun sé mikilvæg.¹⁰⁹

Leikskólastjóri kemur ekki að þessum þætti og fram kom í viðtali við hann að mikilvægt sé að koma á samráði milli sérkennslustjóra og leikskólastjóra.¹¹⁰ Sérkennslustjóri gerir einstaklingsáætlun fyrir sérkennslubörn í samstarfi við deildarstjóra en leitar einnig til skóla- og velferðarþjónustu ef með þarf. Einstaklingsáætlanir eru metnar í samráði við deildarstjóra og foreldra, „Við erum komin með góða samvinnu við foreldra sérkennslubarna.“ Sérkennslustjóri sér um sérkennsluna, bæði einstaklingsþjálfun og þjálfun sem fer fram í almennu starfi. Sérkennslustjóri segir að vel sé brugðist við beiðnum

105 Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólun nr. 584/2010.

106 Viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra.

107 Orðaskil.

108 Handbók - snemmtæk íhlutun.

109 Viðtal við sérkennslustjóra.

110 Viðtal við leikskólastjóra.

um sérkennslubúnað en segir það galla að ekki er sérkennsluherbergi í leikskólanum.¹¹¹ Ekki eru til skriflegir ferlar um móttöku fatlaðra barna eða flutning milli deilda. Ef vitað er að fatlað barn sé að byrja í leikskólanum er byrjað á að afla upplýsinga um fötlun þess og allt starfsfólk upplýst um komu þess, „Við leggjum áherslu á að allir starfsmenn þekki barnið og geti brugðist við því.“ Trúnaðargögn eru geymd í læstum skáp á skrifstofu leikskólastjóra.¹¹²

Foreldrar geta leitað upplýsinga um þjónustu sveitarfélagsins í leikskólanum og hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshóla sem hefur gefi út upplýsingabækling um þjónustu sína. Haldnir eru teymisfundir með foreldrum barna með skilgreinda greiningu. Þá fundi sitja foreldrar, sérkennslustjóri, deildarstjóri, leikskólastjóri og deildarstjóri Skóla- og velferðarþjónustu.¹¹³ Deildarstjórar taka viðtöl við foreldra sérkennslubarna sem ekki eru með skilgreinda greiningu. Í sumum tilfellum þarf sérkennslustjóri að taka þessa foreldra í viðtal vegna sérkennslu barnanna. Til þess að ekki þurfi að kalla foreldra í tvö viðtöl væri æskilegra að sérkennslustjóri taki þátt í viðtölum með deildarstjórum. Að vori er haldinn skilafundur fyrir sérkennslubörn sem eru að flytjast yfir í grunnskólann og þar eru afhent gögn og skýrslur frá leikskólanum.¹¹⁴

Foreldrar eru ánægðir með sérkennslu leikskólans og samskipti við sérkennslustjóra.¹¹⁵

Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku

Í leikskólanum er reynt að nota sem flestar aðferðir til að vinna með foreldrum af erlendum uppruna. Boðið er upp á túlkþjónustu ef með þarf og starfsmenn reyna með ýmsum leiðum að nálgast foreldrar, t.d. þýða á ensku og fá aðstoð annarra foreldra sem tala saman tungumál og viðkomandi.¹¹⁶ Sérkennslustjóri sér um málörvun tvítyngdu barnanna í málörvunarhópum.¹¹⁷ Lögð er áhersla á að hvetja erlenda foreldra til að tala við börnin sín og lesa fyrir þau á móðurmálinu.¹¹⁸ Í leikskólanum eru uppi þjóðfánar allra sem þar dvelja, starfsfólkið reynir að læra lög og syngja með börnunum á þeirra tungumáli og spila tónlist frá þeim löndum sem börnin eru ættuð frá. Stofnaður hefur verið starfshópur í sveitarfélaginu sem vinna á móttökuáætlun fyrir fólk af erlendum uppruna.¹¹⁹

Styrkleikar

- Sveitarfélagið er þátttakandi í Skóla- og velferðarþjónustu Árneshóla.
- Leikskólinn hefur aðgang að þjónustu talmeinafræðings.
- Leikskólinn leggur áherslu á að mæta þörfum allra barna.
- Sérkennslustjóri með sérþekkingu (proskapjálfi) er starfandi við leikskólann.
- Boðið er upp á túlkþjónustu.
- Erlendir foreldrar eru hvattir til að tala við og lesa fyrir börnin á móðurmálinu.
- Starfsmenn reyna að finna sem flestar leiðir til að ná sambandi við foreldra.

Tækifæri til umbóta

- Gera ætti skriflega sérkennslustefnu fyrir leikskólann.
- Gera ætti verkferla um sérkennslu innan leikskólans.
- Með tilkomu móttökuáætlunar sveitarfélagsins fyrir fólk af erlendum uppruna getur leikskólinn sett sína eigin stefnu varðandi vinnu með börn sem eiga annað móðurmál en íslensku.

¹¹¹ Viðtal við sérkennslustjóra.

¹¹² Viðtal við sérkennslustjóra.

¹¹³ Viðtal við sérkennslustjóra.

¹¹⁴ Viðtal við sérkennslustjóra.

¹¹⁵ Rýnihópur foreldra.

¹¹⁶ Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra.

¹¹⁷ Viðtal við deildarstjóra.

¹¹⁸ Viðtal við leikskólastjóra.

¹¹⁹ Viðtal við staðgengil leikskólastjóra.

Innra mat

Leikskólar eiga lögum samkvæmt að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði leikskólastarfs. Í slíku mati skal leitað eftir sjónarmiðum starfsmanna, barna og foreldra, eftir því sem við á, og birta upplýsingar um það opinberlega.¹²⁰ Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber. Annars vegar er um að ræða innra mat sem framkvæmt er af leikskólanum sjálfum og hinsvegar ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélagsins, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila.¹²¹

Í starfsáætlun leikskólans Undralands 2014-2015 segir:

Innra mati á leikskólum er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs í leikskólum. Með kerfisbundnu mati er greint hvað gengur vel og hvað miður og síðan teknar ákvarðanir um umbætur á grundvelli niðurstaðna. Innra mat á að vera samofið daglegu starfi leikskólans, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu, auka vitund starfsfólks um ábyrgð þess á starfsemi leikskólans og vera liður í foreldrasamvinnu.¹²²

Í rýnihópum og viðtölum við starfsmenn, deildarstjóra og leikskólastjóra kom fram að innra mat hefur ekki farið fram í leikskólanum.¹²³

Í vettvangsathugun sáu matsmenn að í leikskólanum er unnið með skráningar og mikið af því eru gögn sem nýta ætti í innra mat. Foreldrakannanir og viðhorfskannanir eru gerðar annað hvert ár og óformlegt mat fer fram á samstarfi leikskóla og grunnskóla. Í starfsáætlunum sem deildir setja sér eru sett mælanleg markmið.

Styrkleikar

- Í leikskólanum er að finna gögn sem nýta má í innra mat.
- Notaðar eru fjölbreyttar leiðir til að meta nám og líðan barna.

Tækifæri til umbóta

- Taka þarf upp kerfisbundið innra mat í samræmi við ákvæði í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla frá 2011.

¹²⁰ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

¹²¹ Aðalnámskrá leikskóla 2011.

¹²² Starfsáætlun leikskólans.

¹²³ Viðtal við leikskólastjóra, deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

- $A > 3,6 - 4 =$ grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verlag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
- $B > 2,6 - 3,5 =$ ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verlag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- $C > 1,6 - 2,5 =$ gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verlag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- $D > 1,0 - 1,5 =$ rautt = Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verlag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun		Uppeldis- og menntastarf		Leikskólabragur		Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklags reglur	Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Uppeldi, menntun og starfshættir	Viðmót og menning	Velferð og líðan barna	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklags reglur	Faglegt samstarf	Leikur og nám lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Námssvið leikskólans	Hlutverk leikskólakennara	Fagmennska starfsfólks	Viðhorf foreldra	Opinber birting og umbætur
Leikskóla-þróun og símenntun		Leikskóli án aðgreiningar	Mat á námi og velferð barna	Starfsánægja			Gagnasöfnun og vinnubrögð

Samantekt

Helstu styrkleikar leikskólans Undralands

- Í leikskólanum er unnið út frá ákveðinni hugmyndafræði.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt skóla- og æskulýðsstefnu sveitarfélagsins.
- Lögð er áhersla á leikinn sem nám- og þroskaleið barna.
- Lögð er áhersla á einstaklingsbundið nám og mikilvægi þess að gefa öllum sömu tækifæri til náms og þroska.
- Góð samvinna er við Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.
- Mikil áhersla er á að nýta umhverfi leikskólans til útináms.
- Leikskólinn er í góðu samstarfi við grenndarsamfélagið.
- Skipulag námsumhverfisins í leikskólanum er hugsað út frá þörfum barna og húsnæðið er mjög vel nýtt.
- Mikið er unnið með tónlist og myndlist, skólinn er vel búinn hljóðfærum og efnivið fyrir skapandi starf.
- Mikið er sungið með börnunum og textaval fjölbreytt.
- Framkoma starfsmanna við börnin einkennist af umhyggju og hlýju.
- Starfsmenn taka virkan þátt í leik barnanna.
- Stjórnun leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti.
- Samvinna stjórnenda við skólanefnd er góð og funda þessir aðilar mánaðarlega.
- Börnin hafa gott aðgengi að leikskólastjóra.
- Leikskólinn gefur úr starfsáætlun og skilar ársskýrslu.
- Starfsfólk sýnir börnunum umhyggju og virðingu.
- Húsnæði leikskólans er vel skipulagt og nýtt í þágu barnanna.
- Þróunarverkefni um fyrirkomulag matmálstíma hefur tekist mjög vel.
- Fyrirhugað er að setja af stað þróunarverkefni um starfsaðferðir Reggio Emilia.
- Almennt eru starfsmenn leikskólans ánægðir með starfið í leikskólanum.
- Leikskólinn hefur sett sér jafnréttisáætlun.
- Starfsandinn í leikskólanum hefur batnað frá því sem var á síðasta ári.
- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar til að meta þroska og framfarir barna.
- Uppeldisfræðilegar skráningar eru unnar í tengslum við möppuna *Saga mín í leikskólanum*.
- Foreldrar koma að mati á þroska og framförum barna og eru þátttakendur í verkefnum sem örva þroska barnanna.
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskóla.

- Góð upplýsingagjöf er til foreldra.
- Foreldrar eru ánægðir með þau verkefni sem börnunum er boðið upp á, sérstaklega góð tengsl við náttúru og samfélag.
- Foreldrar eru ánægðir með foreldrasamtöl og þær upplýsingar sem þar eru gefnar.
- Gott samstarf er milli skólastiga.
- Leikskólinn er í föstu samstarfi við eldri borgara og fyrirtæki á staðnum.
- Leikskólinn er í góðum tengslum við vinnustaði á svæðinu.
- Sveitarfélagið er þátttakandi í Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.
- Leikskólinn hefur aðgang að þjónustu talmeinafræðings.
- Leikskólinn leggur áherslu á að mæta þörfum allra barna.
- Sérkennslustjóri með sérþekkingu (þroskajálfi) er starfandi við leikskólann.
- Boðið er upp á túlkajónustu.
- Erlendir foreldrar eru hvattir til að tala við og lesa fyrir börnin á móðurmálinu.
- Starfsmenn reyna að finna sem flestar leiðir til að ná sambandi við foreldra.
- Í leikskólanum er að finna gögn sem nýta má í innra mat.
- Notaðar eru fjölbreyttar leiðir til að meta nám og líðan barna.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að endurskoða hugmyndafræði leikskólans með aðkomu starfsfólks.
- Taka þarf upp umræðu um einkunnarorð leikskólans.
- Æskilegt er að endurskoða skólanámskrá með aðkomu alls starfsfólks.
- Skoða ætti hvort leikskólinn geti tekið upp flokkun pappírs og úrgangs.
- Gera ætti skriflegt samkomulag um hlutverk og afleysingu fyrir staðgengil leikskólastjóra.
- Gera ætti skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans.
- Gera ætti formlegar starfslýsingar fyrir stjórnendur og starfsmenn.
- Gera ætti formlega verkferla um ákvarðanatöku.
- Auka þátttöku barna í flokkun pappírs og úrgangs.
- Auka ætti lýðræði í leikskólanum varðandi stjórnun leikskólans.
- Æskilegt væri fyrir leikskólastjóra að skerpa á faglegri stjórnun í leikskólanum.
- Gera þarf símenntunaráætlun fyrir allt starfsfólk.
- Leita þarf leiða til að auka samstarf milli deilda.
- Tryggja þarf að allt starfsfólk taki þátt í fyrirhuguðu þróunarverkefni um Reggio Emilia og taki þátt í umræðum um markmið og leiðir í leikskólastarfinu.
- Gera þarf sameiginlega starfsáætlun fyrir allan leikskólann með aðkomu allra starfsmanna.

- Æskilegt væri að leikskólinn setti sér starfsmannastefnu.
- Mikilvægt er að halda áfram umræðu um starfsandann og samskipti stjórnenda og starfsmanna.
- Æskilegt væri að gera aðferðir við mat á námi og velferð barna sýnilegri í gögnum leikskólans.
- Stofna þarf foreldraráð við leikskólann.
- Æskilegt væri að gera skriflegt samkomulag um samstarf leik- og grunnskóla.
- Gott væri að taka upp umræðu með starfsfólki og foreldrum um skipulag foreldrasamstarfs.
- Gera ætti skriflega sérkennslustefnu fyrir leikskólann.
- Gera ætti verkferla um sérkennslu innan leikskólans.
- Með tilkomu móttökuáætlunar sveitarfélagsins fyrir fólk af erlendum uppruna getur leikskólinn sett sína eigin stefnu varðandi vinnu með börn sem eiga annað móðurmál.
- Taka þarf upp kerfisbundið innra mat í samræmi við ákvæði í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla frá 2011.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum leiðir í ljós að börnunum í Undralandi líður vel. Starfsmenn leggja sig fram um að skapa börnunum góð uppeldis- og þroskaskilyrði og leggja mikla áherslu á umhyggju og virðingu í samskiptum við börnin. Umhverfi leikskólans er vel nýtt í þágu barnanna og öllum þáttum í starfinu gefinn góður tími. Lögð er áhersla á að hver einstaklingur fái tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og unnið er með lýðræði og sjálfstæði barnanna. Foreldrar eru ánægðir með starfsemi leikskólans og samskiptin við starfsmenn og stjórnendur. Þeir eru sérstaklega ánægðir með útinám, vettvangsferðir og gott samstarf leikskólans við grenndarsamfélagið. Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að meta nám og velferð barna og leikskólinn er í góðu samstarfi við sérfræðipjónustu á vegum sveitarfélagsins. Skólanámskrá samræmist aðalnámskrá frá 2011 en stjórnendur hafa hug á að endurskoða hana, sérstaklega hugmyndafræðina sem ekki er unnið eftir nema að hluta til. Starfsfólk vill vinna samkvæmt hugmyndafræði Reggio Emilia og hefur verið ákveðið að fara af stað með þróunarverkefni sem stuðla á að meiri þekkingu starfsfólks á hugmyndafræðinni og betri samræmingu á vinnubrögðum innan leikskólans. Góð samvinna er milli leikskólans og grunnskólans. Almennt er góður starfsandi í leikskólanum en skoða þarf faglega stjórnun leikskólans og samstarf milli deilda. Í leikskólanum er ekki unnið kerfisbundi innra mat og úr því þarf að bæta.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla. 2011.

ART. Vefslóð. <http://www.isart.is>. (Sótt á vef 23. mars 2015.)

Elín Þöll Þórðardóttir. 1998. *Orðaskil*. Reykjavík, Framsaga.

Gögn frá deildarstjórum – Sagan mín í leikskólanum.

Gögn frá leikskólastjóra - dagskipulag leikskólans.

Gögn frá leikskólastjóra – foreldrahandbók.

Gögn frá leikskólastjóra – móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum.

Gögn frá leikskólastjóra – starfsmannahandbók.

Handbók - Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna. Vefslóð. www.talmein.is/node300. (Sótt á vef 29. mars. 2015.)

Jafnréttisáætlun leikskólans. Vefslóð. <http://undraland.is/index.php/skyrslur1>. (Sótt á vef 24. mars 2015.)

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólun nr. 584/2010.

Rýnihópur barna.

Rýnihópur foreldra.

Rýnihópur starfsmanna.

Skóla- og æskulýðsstefna Hrunamannahrepps. Vefslóð. <http://www.fludir.is/index.php/samthykkir>. (Sótt á vef 23. mars 2015.)

Skólanámskrá leikskólans. Vefslóð. <http://undraland.is/index.php/namskra>. (Sótt á vef 23. mars 2015.)

Skólastefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Vefslóð. <http://www.fludir.is/index.php/samthykkir>. (Sótt á vef 1. apríl 2015.)

Starfsáætlun leikskólans. Vefslóð. <http://undraland.is/index.php/skyrslur1>. (Sótt á vef 23. mars 2015.)

Viðtal við deildarstjóra.

Viðtal við formann skólanefndar.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við staðgengil leikskólastjóra.

